

Ályktun Leikmannastefnu Þjóðkirkjunnar 2010 vegna kirkjuþingskosninga

Leikmannastefna þjóðkirkjunnar 2010 hvetur sóknarnefndarfólk víðs vegar um landið til að sinna af kostgæfni þeirri starfskyldu sinni að neyta atkvæðisréttar í þeim kirkjuþingskosningum, sem fram fara 1.- 15. maí næstkomandi.

Jafnframt hvetur leikmannastefnan kirkjuþing til að taka til gagngerrar endurskoðunar á starfsreglum um kjör til kirkjuþings í því skyni að efla lýðræði innan þjóðkirkjunnar og virkni þeirra, sem vilja láta sig málefni kirkjunnar varða.